

Mál nr. 331/2018**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort farþegi í bifreið hafi orðið fyrir líkamstjóni við bifreiðaárekstur.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.10.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 8.11.2018.

Málsatvik.

Hinn 4. júní 2016 var M farþegi með spennit öryggisbelti í aftursæti A þegar henni var ekið aftan á aðra bifreið á Biskupstungnabraut. M var fluttur á bráðamóttöku sjúkrahússins á Selfossi. Í læknisvottorði segir að á vettvangi hafi M strax fundið til hægra megin ofarlega í kvið og sé enn með verki þar við konuna á bráðamóttökuna, en ekki annars staðar. Tölvusneiðmynd var tekin af kviðnum en ekkert markvert mun hafa komið út úr þeirri rannsókn. M var hafður til eftirlits í 2-3 klst. og var þá með smá verki en ekki mikla. Að svo búnu var hann útskrifaður heim til sín, en ráðlagt að koma aftur ef kviðverkirnir myndu versna.

Við skoðun hjá barnalækni 15. júní 2017 mun hafa komið fram að M hafi haft bakverki í „thoracal“ hrygg sem spurningarmerki væri um hvort komið hafi eftir ákeysluna 4. júní 2016. Af þessu tilefni var M vísað í sjúkrahjálfun.

Í ódagsettri skýrslu sjúkrahjálfara kemur fram að M hafi komið til skoðunar 22. ágúst 2017 og þá hafi komið fram að aðalvandamál M hafi verið verkir í baki, aðallega í brjóstbaki („thorax“) eftir bílslys, en hann hafi lent í bílslysi 4. júní 2016 og fengið töluverðan hnykk á líkamann, en þegar leið frá slysinu hafi hann farið að finna fyrir töluverðum óþægindum í brjóstbaki til að byrja með, en verkurinn hafi síðan verið farinn að dreifa sér í mjöbak og háls. Þremur vikum fyrir skoðunina hafi verkirnir verið búnir að vera mjög slæmir en þá hafi hann farið til sólarlanda og hafi honum liðið betur í hitanum þar.

M hefur krafist bóta vegna meiðsla þeirra sem hann hlaut í slysinu úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Með vísan til 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður vart um það deilt að M á rétt á að fá líkamstjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V að því marki sem hann hefur orðið fyrir slíku tjóni við áreksturinn.

Eins og málið liggur fyrir snýst ágreiningur aðila um það hvort einkenni frá baki sem M kvartaði undan hjá lækni 15. júní 2017 megi rekja til slyssins. Samkvæmt gögnum málsins var þá fyrst, eða rúmu ári eftir slysið, skráð um þessi einkenni hjá lækni. Engin matsgerð liggur fyrir og eins og málið er í pottinn búið verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að þau sjúkdómseinkenni sem M býr við nú megi rekja til slyssins í júní 2016. Við svo búið telst hann ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Jón Magnússon lögfr.